



Spurt og svarað um Orkustefnu

Hverju breytir Orkustefnan?

Hún gefur okkur skýra framtíðarsýn og varpar ljósi á þau fjölmörgu forgangsverkefni í orkumálum sem er almennt sátt um, þvert á flokka. Það mun setja sterkara kastljós á þau verkefni en fram til þessa, sem stuðlar að hraðari framförum.

Hvaða dæmi eru um slík verkefni?

Það má til dæmis nefna: sterkari innviði, jafnan aðgang að orku um allt land, fjölnýtingu auðlindastrauma, breiðari áherslur í orkuskiptum, skýrari sýn á orkuþörf og orkuframboð á hverjum tíma, og virkari orkumarkað.

Hver eru meginatriði Orkustefnunnar?

„Sjálfbær orkuframtíð“ lýsir inntaki hennar vel í tveimur orðum, en tólf meginmarkmið stefnunnar skiptast í fimm svið: Orkuöryggi, orkuskipti, orkunýti, umhverfisvernd og samfélagslegur ávinningur.

Samkvæmt stefnunni á ávallt að uppfylla orkuþörf samfélagsins. Er það opinn tékki á virkjanir?

Nei. Orkustefnan kveður á um að við þurfum að hafa heildaryfirsýn yfir möguleika á að mæta aukinni eftirspurn eftir orku, en það verður áfram sjálfstætt verkefni fyrir samfélagið að taka afstöðu til einstakra verkefna samkvæmt því regluverki sem gildir á hverjum tíma.

Segir Orkustefnan til um hvað eigi að virkja mikið og í hvað eigi að nota orkuna?

Nei, en hún gefur leiðbeiningar um þau sjónarmið sem við eigum að horfa til við þær ákvarðanir, t.d. sjálfbærni, umhverfisvernd og samfélagslegur ávinningur.

Stefnan kveður líka á um að við eigum að hafa langtímaáætlanir um nýja orkukosti til að geta mætt framtíðarþörfum samfélagsins. – En það verður áfram sjálfstætt verkefni fyrir samfélagið að taka afstöðu til einstakra verkefna samkvæmt því regluverki sem gildir á hverjum tíma.

Hvort er Orkustefnan að boða aukna náttúruvernd eða auknar virkjanaframkvæmdir?



Orkustefnan er að boða sjálfbæra orkuframtíð. Að Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti. Að Ísland verði leiðandi í sjálfbærri orkuvinnslu, orkuskiptum og orkunýtni. Að orkuþörf okkar sé mætt. Orkustefnan gefur hins vegar engan afslátt af náttúruvernd, þvert á móti. Og oft getur þetta tvennt farið saman, t.d. eru orkuskipti og loftslagsmál óaðskiljanleg verkefni.

Breytir Orkustefnan stöðu Rammaáætlunar?

Í stefnunni er kveðið á um að langtímaáætlanir um nýja orkukosti þurfi að vera til staðar, til þess að hægt sé að mæta framtíðarþörfum samfélagsins. Rammaáætlun er ein leið til að uppfylla þetta markmið en Orkustefnan tekur ekki afstöðu til þess hvort hún sé sú eina rétta.

Er tekið á eignarhaldi auðlinda og auðlindagjöldum í Orkustefnunni?

Já, stefnan kveður á um að orkuauðlindir í opinberri eigu skuli vera það áfram og að auðlindagjald sé tekið af þeim.

Er Orkustefnan „lægsti samnefnari“?

Í reikningi er „lægsti samnefnari“ aðferð til að horfa á dæmið frá öðru sjónarhorni til þess að auðveldara sé að sjá lausnina. Það lýsir Orkustefnunni ágætlega. Hún varpar ljósi á hversu mikil sátt ríkir um mörg forgangsverkefni í þessum málaflokki þegar horft er á hann frá nýju sjónarhorni. Þá sýn hefur tilfinnanlega skort í þessum málaflokki, sem hefur einkennst af miklum átökum. Hins vegar útrýmir Orkustefnan ekki öllum ágreiningi.

Fylgir aðgerðaáætlun stefnunni?

Í viðauka við stefnuna er gott yfirlit yfir þau fjölmörgu verkefni á sviði orkumála sem eru þegar hafin. Starfshópurinn lagði til að frekari aðgerðir yrðu mótaðar í framhaldinu. Það er stjórnvalda hverju sinni að móta forgangsverkefni sem styðja við stefnuna og það munum við gera.

Eru settir árangursvísar í stefnunni?

Í fylgiskjali með stefnunni eru settar fram tillögur að árangursvísam, sem verður tekin afstaða til í framhaldinu.

Stefnan styður auk þess við önnur mælanleg markmið í stefnumörkun stjórnvalda, sem eru t.d. loftslagsmarkmið og markmið um orkuskipti.

Hver eru næstu skref?



Orkustefnan verður lögð fram á Alþingi sem skýrsla til umræðu þar. Næstu skref eru síðan að fylgja eftir þeim verkefnum sem eru þegar hafin, og móta bæði næstu verkefni og árangursvísa til að fylgjast með hvernig okkur miðar.